

Fundargerð 43. stjórnarfundar Vestfjarðastofu & Fjórðungssambands Vestfirðinga

Haldinn í fjarfundi 26. janúar 2022 kl 14.00.

Mætt voru: Jóhanna Ösp Einarsdóttir, formaður, Aðalbjörg Óskarsdóttir, Lilja Magnúsdóttir, Kristján Jón Guðmundsson, Kristján Jóakimsson, Daníel Jakobsson og Þórir Guðmundsson. Auk þeirra sátu fundinn Sigríður Ó. Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri og Aðalsteinn Óskarsson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og athugaði með boðun og dagskrá fundarins, ekki gerðar athugasemdir við boðun. Kynnti að lða Marsibil Jónsdóttir hefði boðað forföll og í hennar stað væri mætt Lilja Magnúsdóttir eins hefði Shiran Þórisson boðað forföll skömmu fyrir fund og ekki tekist að boða varamann í hans stað.

Samkvæmt breyttum samþykktum hafa sveitarfélög sem ekki eiga fulltrúa í stjórn nú heimild til að tilnefna áheyrnarfulltrúa á stjórnarfundum og var Jón Jónsson boðaður til fundarins fyrir hönd Strandabyggðar. Auk hans hefur Tálknafjarðarhreppur tilnefnt áheyrnarfulltrúa sem er Lilja Magnúsdóttir sem nú situr fundinn sem varamaður lðu Marsibil.

Boðuð dagskrá fundarins:

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

1. Skýrsla framkvæmdastjóra
Framkvæmdastjóri kynnti munnlega skýrslu um starfsemi Vestfjarðastofu.
 - a. Fjárfestingar á Vestfjörðum – Magnús Þ. Bjarnason. - Frestað
 - b. Dagsetningar stjórnarfundar 2022
2. Starfsmannamál
3. Innviðaaáætlun Vestfjarða – staða mála
 - a. Jarðgangaáætlun Vestfjarða
 - b. Jarðgangaáætlun Vestfjarða - Samfélagsgreining
4. Raforkumál á Vestfjörðum – staða mála

Fundur stjórnar FV

5. Framlög ársins til Sónaráætlunar Vestfjarða
 - a. Áhersluverkefni 2022
6. Sértek verkefni sóknaráætlunarsvæða
7. Lagt fram til kynningar
 - a. Fundargerð 72. fundar stjórnar SSNV 11. janúar 2022
 - b. Fundargerð – 33. fundar stjórnar SSNE 12. jan 2022
 - c. 577. stjórnarfundur SASS. 7. jan 2022
 - d. 775. Stjórnarfundur SSS 19. jan 2022
8. Umsagnir:
 - a. Afgreiddar umsagnir
 - b. Umsagnarbeiðnir
 - i. Frumvarp til laga um loftferðir, 186. mál

- ii. Frumvarp til laga um breytingu á loftslagsmál (aukinn metnaður, gagnsæi og aðhald), 8. mál.
- c. Umsagnir til skoðunar

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

1. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri fór munnlega yfir þau verkefni sem unnið hefur verið að hjá Vestfjarðastofu frá 42. stjórnarfundi

- a. Fjárfestingar á Vestfjörðum – lið frestað til næsta fundar
- b. Dagsetningar stjórnarfunda 2022 – farið yfir dagskrá stjórnar.

2. Starfsmannamál

Kynnt að Birna Jónasdóttir, verkefnastjóri hefur sagt starfi sínu lausu miðað við starfslok í lok febrúar. Í samráði við stjórn í tölvupósti þann 13. janúar 2022 að starfið verið auglýst að nýju með frest til 31. janúar.

Formaður bar upp tillögu um að ákvörðun um að auglýsa starf sérfræðings í markaðsmálum yrði staðfest af fundinum. Tillaga staðfest.

Stjórn þakkar Birnu góð störf og hennar framlag til þróunar ferðaþjónustu á Vestfjörðum á síðustu árum.

3. Innviðaaætlun Vestfjarða – staða mála

Sviðsstjóri byggðamála fór yfir stöðu mála varðandi gerð innviðaaætlunar fyrir Vestfirði. Fór hann yfir innihald funda innviðanefndar og kynningarfund sem boðaður hefur verið 27. janúar til að kynna jarðgangnaáætlun Vestfjarða og samfélagsgreiningu vegna jarðgangna.

- a. Jarðgangnaáætlun Vestfjarða – skýrsla lögð fram til kynningar.
- b. Jarðgangnaáætlun Vestfjarða – Samfélagsgreining – skýrsla lögð fram til kynningar.

Til máls tóku: Þórir, Jóhanna og Kristján Jón.

Stjórn þakkar vinnu við mikilvæg hagsmunamál Vestfjarða og fagnar útkomu jarðgangnaáætlunar.

4. Raforkumál á Vestfjörðum – staða mála

Farið yfir vinnu vegna raforkumála. Sviðsstjóri fór yfir samtöl sem hann hefur átt við formann starfshóps iðnaðarráðherra um raforkumál á Vestfjörðum um vinnu starfshópsins.

Sviðsstjóri kynnti drög að ályktun sem unnin var í samráði við formann og framkvæmdastjóra, varðandi orkumál á Vestfjörðum og nú síðast ákvörðun Landsvirkjunar um skerðingu á ótryggri orku til sveitafélaga og atvinnulífs á Vestfjörðum.

Til máls tóku Jóhanna Ösp, Daníel, Lilja, Þórir og Kristján Jón Fjallað um efni ályktunar og samþykkt eftirfarandi bókun.

Bókun um orkumál á Vestfjörðum.

Stjórn Vestfjarðastofu tekur undir áhyggjur sveitarstjórna og atvinnulífs á Vestfjörðum af afleiðingum á takmörkunum á sölu á skerðanlegri orku. Stjórn kallar eftir að stjórnvöld og Landsvirkjun tryggja að kostnaður vegna þessarar stöðu falli ekki aðeins á íbúa og atvinnulíf á Vestfjörðum. Eins lýsir stjórn Vestfjarðastofu áhyggjum af áhrifum þessarar stöðu á rekstur og fjárfestingargetu Orkubús Vestfjarða, m.a seinkunum í verkefnum er varðar þrífösun rafmagns og undirbúningi nýrrar orkuvinnslu s.s. vatnsafls og jarðhita.

Stjórn Vestfjarðastofu bendir á að sú staða sem upp er kominn hafi verið fyrirsjáanleg og er enn ein birtingarmynd af þeirri vöntun sem er á stefnumarkandi ákvörðunum stjórnvalda í orkumálum á Vestfjörðum.

Stjórn Vestfjarðastofu vísar til ályktunar Fjórðungsþinga Vestfirðinga og nú síðast 66. Fjórðungsþings um orkumál. Bent er á að fjöldi skýrslna um greiningu á stöðu og tillögur að úrbótum í málaflöknum liggja fyrir og stjórnvöld geta nýtt sér til að taka nauðsynlegar ákvarðanir. Hér blasa við ákvarðanir um undirbúning að styrkingu flutningskerfis raforku innan Vestfjarða og bættra tenginga við aðra landshluta og ákvarðanir varðandi undirbúning vatnsaflsvirkjana og vindorkuvirkjana innan Vestfjarða.

Að óbreyttu tapa Vestfirðir á hverjum degi af nýjum tækifærum og þeim ávinningi sem ella væri til staðar ef Vestfirðir væru í samkeppnishæfri stöðu miðað við aðra landshluta í raforkumálum.

Fundur stjórnar FV

5. Framlög ársins til Sóknaráætlunar Vestfjarða

Framkvæmdastjóri greindi frá viðbótarframlagi til Sóknaráætlunar ársins 2022 sem staðfest hefði verið með tölvupósti frá Hólmfríði Sveinsdóttur hjá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti dagsett 17. janúar 2022.

a. Áhersluverkefni 2022.

Minnisblað vegna áhersluverkefna 2022 kynnt. Fram kom að áhersluverkefni til nokkurra ára hefðu verið samþykkt árið 2020 að upphæð 33.500.000 og vísað til minnisblaðs sem lagt var fram á 39. stjórnarfundum Vestfjarðastofu 17. janúar s.l..

Rætt um hvernig staðið verði að mótun hugmynda að áhersluverkefnum vegna viðbótarframlags til sóknaráætlana.

Til máls tóku Jóhanna, Daníel, Kristján Jón, Lilja og Þórir.

Formaður gerði tillögu á grundvelli umræðu:

Starfshópur stjórnar og starfsmenn Vestfjarðastofu móti tillögur að áhersluverkefnum sem lagðar verði fyrir stjórn á næsta fundi. Í starfshópi stjórnar verði Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Daníel Jakobsson og Lilja Magnúsdóttir.

6. Sértek verkefni sóknaráætlunarsvæða – C1

Framkvæmdastjóri kynnti auglýsingu vegna sértækra verkefna sóknaráætlunarsvæða og fór yfir minnisblað vegna þess. Verklag við val á verkefnum rætt. Til máls tóku Jóhanna, Daníel, Kristján Jón, Lilja og Þórir.

Formaður lagði til að Vestfjarðastofa ynni að gerð umsókna fyrir þau verkefni sem tilgreind voru í minnisblaði og sendi inn. Fullbúnar umsóknir vegna annarra verkefna sem kæmu frá sveitarfélögunum yrðu jafnframt sendar inn.

7. Lagt fram til kynningar

- a. Fundargerð 72. fundar stjórnar SSNV 11. janúar 2022
<https://www.ssnv.is/is/moya/news/category/2/fundargerð-72-fundar-stjornar-ssnv-11-januar-2022>
- b. Fundargerð – 33. fundar stjórnar SSNE 12. jan 2022 -
<https://www.ssne.is/is/fundargerdir/stjorn-ssne/fundargerð-stjorn-ssne-33-fundur-12-januar-2022>
- c. 577. stjórnarfundur SASS. 7. jan 2022 - <https://www.sass.is/57-fundur-stjornar-sass/>
- d. 775. Stjórnarfundur SSS 19. jan 2022 - <https://sss.is/blog/fundir/775-stjornarfundur-sss-19-januar-2022/>

8. Umsagnir:

- a. Afgreiddar umsagnir
- b. Umsagnarbeiðnir
 - i. Frumvarp til laga um loftferðir, 186. mál. – *Lagt er til að ekki verði send inn umsögn. Tillaga samþykkt samhljóða*
<https://www.althingi.is/altext/pdf/152/s/0188.pdf>
 - ii. Frumvarp til laga um breytingu á loftslagsmál (aukinn metnaður, gagnsæi og aðhald), 8. mál. – *Lagt er til að ekki verði send inn umsögn. Tillaga samþykkt samhljóða*
<https://www.althingi.is/altext/152/s/0008.html>
- c. Umsagnir til skoðunar

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:13